

## FUNDARGERÐ

359. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 14. apríl 2015 kl. 15.00 í fundarsal FEB að Stangarhyl 4.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Birna Bjarnadóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Esther Ú. Friðþjófsdóttir, Hrafn Magnússon, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, Reynir Vilhjálmsson, Anna Þrúður Þorkelsdóttir og Gísli Jafetsson sem ritar fundargerð. Fjarverandi Ragnhildur G. Guðmundsdóttir.

Þetta gerðist:

Formaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

1. Staða innheimtu félagsgjalda og næst skref  
7.900 félagsgjöld greidd og enn eru að berast greiðslur. Hlutfallið ívið hærra en á síðasta ári þrátt fyrir að aðalfundur og tafir í vinnslu og þar með að útsending hafi farið seinna út í ár. Ehv er um að hjón segi upp anna. félagsaðildinni og þar með öðru gjaldinu. Ákveðið að útsending / innheimta 1000 kr valgreiðslu sem samþykkt var á aðalfundinum og renna eiga til greiðslu afborgana af húsinu fari út í lok ágúst. Náðst hefur samkomulag við viðskiptabanka FEB um verulega lækkun kostnaðar vegna þessarar útsendingar.
2. Endurskipun nefnda og nýjar nefndir  
„Hreyfing, hollusta og hugarleikfimi“ samþykktir framlagðir einstaklingar  
Skemmtiefnd – samþykkt  
Afmælisnefnd FEB vegna 30. ára afmæli félagsins 2016  
- Á að skipa nefnd, á ehv að gera og hvað þá? Rætt frekar á næsta fundi stjórnar.
3. Fjölgun félagsmanna í FEB?  
Hvernig náum við til yngri aldurhóps? Hvernig á að ná í nýja félagi á breyttum tímum þar sem tryggð er minni í huga fólks. Eigum við að einbeita okkur með bréfasendingu og/eða útsendingu til þeirra sem eru á ákv. tímamótum t.d. 67 og 70 ára og telja má móttækilegasta til að ganga í félagið. Ein hugmynd sem sett var fram hvort félagið eigi að vera „verkalýðsfélag“ þessa hóps. Rætt um hvernig höfða á til fólks á öllum „okkar“ aldri og hvernig koma á framfæri kröfum ákveðinna hópa t.d. þeirra sem eru á hjúkrunarheimilum í dag. Verður rætt frekar á vinnufundi stjórnar.
4. Samningur við LEB v/afsláttarbókar  
Landsfundur LEB veitti stjórn LEB heimild til að semja við FEB um 200 kr. af hverju félagsaðildargjaldi félagsmanna þess félags, sem er 600 kr., væri varið til útgáfu Afsláttarbókarinnar og var gert samkomulag milli FEB og LEB þar um. Samningurinn hefur síðan verið framlengdur og var gengið út frá framlengingu samkomulagsins við vinnslu bókarinnar nú enda komið tilboð um slíkt frá LEB. Nú vill LEB lækka þetta í 100 kr á sama tíma sem kostnaður hefur aukist.  
Samþykkt að hlutagreiðsla til LEB vegna aðildargjalds verði í formi innheimtu vegna kostnaðar við útgáfu bókarinnar sem skiptist þá á milli FEB og LEB.
5. Vinnufundur stjórnar 20. apríl  
Rætt um fyrirlesara og samþykkt að reyna að frá Stefán Eiríksson frá Rvkborg – sem mætir kl. 9.30 og um kl. 11.00 kemur Ólafur Þór Gylfason frá MMR.
6. Lóðin í Mjódd staða og næstu skref  
Ósk FEB um breytingar á samkomulagi m.a. að aldursmark verði 60 ár í stað 67 fór fyrir Borgarstjórn í vikunni. Síðan er gert ráð fyrir að skrifað verður undir samkomulag við borgina í næstu viku Bygginganefnd hittist 15. apríl vegna skipulagsmála.
7. Landsfundur LEB 5.-6. maí 2015  
Landsfundurinn verður í félagsheimili eldri borgara í Kópavogi að Gullsmára 9. Fundurinn hefst kl. 13.00 þriðjudaginn 5. maí og fundarlok eru áætluð kl. 12.00 6. maí. Dagskrá fundarins er samkvæmt 6 gr. laga Landssambands eldri borgara FEB á rétt til að senda 19 fulltrúa á fundinn.

Vitað er að núverandi formaður LEB Jóna Valgerður Kristjánsdóttir verður ekki í framboði til formanns. Rætt val formanns og fyrirhugað stjórnarkjör og hvað annað verður tekið fyrir á landsfundinum.

Næsti fundur stjórnarinnar er vinnufundur mánudaginn 20. apríl kl. 9.30.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16.45.